

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um söluskatt nr. 486/1982 með áorðnum breytingum.

1. gr.

Við 14. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 435/1987, bætist nýr töluliður er verði 16. töluliður og hljóði svo: Fæðissala mótuneyta skólafólks.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 17. gr. reglugerðarinnar:

a) Við 2. tölulið 2. mgr. bætist eftirfarandi:

Þessari reikningsaðferð má ekki breyta meðan uppgjörsaðferð samkvæmt þessum tölulið er notuð.

b) Í stað síðustu málsgr. 17. gr. komi tvær málsgr. svohljóðandi:

Þeim mótuneytum, er selja fæði á kostnaðarverði þess hráefnis, sem þau nota til matargerðar eða á lægra verði, er heimilt við söluskattsuppgjör að ákvarða söluskattsskylda veltu sína þannig að hún teljist jöfn 50% af innkaupsverði á söluskattsrjálsnum hráefnum til matargerðar á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 337/1987 um sérstakan söluskatt. Uppgjörsaðferð þessa geta þau mótuneyti ein notað, sem ekki eru handhafar söluskattsskirteina, sbr. 6. gr. reglugerðar þessarar.

Öll gögn varðandi söluskattsskýrslur skulu geymast eins og önnur bókhaldsgögn.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 6. nóvember 1987.

F.h.r.

Sigurgeir Jónsson.

Lárus Ögmundsson.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu um manntalsþing í Austur-Skaftafellssýslu.

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra sýslumaður, frá 21. október 1987 varðandi tillögu yðar samkvæmt samþykkt sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu um manntalsþing í Austur-Skaftafellssýslu.

Með vísun til 38. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 1936, sbr. 10. gr. laga nr. 28 1981, samþykkir ráðuneytið hér með, að haldið verði eitt manntalsþing í Austur-Skaftafellssýslu.